

Alþingi,
Fjárlaganefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 13. nóvember 2015.

Umsögn; Fjárlagatalög 2015, 304. mál, lagafrumvarp 145. löggjafarþing 2015–2016.

Málefni fatlaðs fólks. Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst þess að veitt verði aukin framlög til málaflokks fatlaðs fólks innan ársins 2015 með beinu framlagi til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest). Óskað er framlags sem nemi áætluðum halla í endurskoðari fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, halli sem nú er áætlaður um 90 mkr á árinu 2015, eða nemur um 21 % af rekstrarútgjöldum BsVest, 410 mkr. Hér hefur verið tekið tillit til samþykkt viðbótarframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 28. október s.l. eða sem nemur 40,1 mkr.

Meginástæða þessa hallarekstur eru sértækar aðstæður á þjónustusvæði BsVest vegna samsetningar þjónustuhóps með mikilli þjónustuþyngd og landfræðilegra aðstæðna. Þessi atriði hefur BsVest ítrekað bent á og nú staðfest með skýrslu sem unnin var fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga af ráðgjafafyrirtækinu R3.

Framangreind staða var ljós á fyrrihluta þessa árs og var málið þá þegar kynnt félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra, ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga auk Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sifellt hefur verið bent á að endurskoðun á tilflutningi málaflokksins verði lokið nú á árinu, en ekkert hefur enn komið fram um niðurstöðu þess máls og óljóst hvernig tekið verður á sértækum aðstæðum. Ljóst er að halli á málaflokknum mun sliga rekstur sveitarfélaganna sem standa að BsVest og því hafa sveitarfélögin lagt fyrir erindi til félags og húsnæðismálaráðherra um að skila málaflokknum. Á aukabíngi BsVest þann 4. nóvember s.l. kom fram frá fulltrúa ráðherra að því erindi hefur verið hafnað. Af þessum sökum er hér með leytað til Alþingis að fjárveiting verði til BsVest í fjárlagatalögum 2015.

Fjárlagaliður 14-412. Veðurstofa Íslands. Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir ánægju með að fjármagni er nú veitt til sjávarflóðarannsóknna á vegum Veðurstofu Íslands. Verkefnið var þróað innan starfstöðvar Veðurstofu Íslands á Ísafirði einnig þekkt sem Snjóflóðamiðstöð, í samstarfi við Ísafjarðarbæ, Háskólasetur Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Það eru hinsvegar mikil vonbrigði að það sé stefna Veðurstofu Íslands að starfsemi á sviði sjávarflóða verði byggð upp í Reykjavík. Slík ákvörðun er andstæð markmiðum ríkisstjórnar um uppbyggingu starfa utan höfuðborgarsvæðis. Í þessu tilviki fer saman frumkvæði heimamanna og auk farsællar uppbyggingar sérfræðiþekkingar. Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst þess að Alþingi skilyrði þessa fjárveitingu sem lið í uppbyggingu starfsemi Veðurstofu Íslands á Ísafirði sem miðstöð flóðarannsóknna.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri